

Fundur í svæðisráði vestursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs 19.03.2017

Kirkjubæjarstofu klukkan 14:00 til 16:30

Mættir: Ólafía Jakobsdóttir og Hákon Gunnarsson. Erla Ívarsdóttir og Ásta Berghildur Ólafsdóttir mættu í síma. Heiða Guðný Ásgeirsdóttir og Heiða Guðmundsdóttir boða forföll. Einnig sátu fundinn Orri Páll Jóhannsson starfandi þjóðgarðsvörður og Jóna Björk Jónsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar sem ritar fundagerð.

Varaformaður svæðisráðs á vestursvæði Ásta Berghildur Ólafsdóttir setti fundinn og var fundarstjóri.

Fjármálastjóri þjóðgarðsins Valbjörn Steingrímsson og framkvæmdastjóri Þórður H. Ólafsson sátu fundinn í síma í umfjöllun um liði 1. og 2. á dagskránni.

1. Rekstraráætlun vestursvæðis 2017

Valbjörn fylgdi rekstraráætlun úr hlaði. Niðurskurður var á rekstrarfé til þjóðgarðsins í heild um 10 milljónir króna.

Í rekstraryfirliti 2016 kemur fram að heildarrekstrarkostnaður svæðisins árið 2016 hafi verið rúmar 76 milljónir. Fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir framlagi upp á rúma 71 milljón krónur. Reiknað er með sértekjum í Skaftárstofu og tekjum af tjaldsvæðum og skálagistingu á hálendi upp á 7 milljónir króna sem er áætluð aukning á innkomu um 1 milljón króna milli ára.

Fundarmenn fögnuðu að sjá sundurliðun rekstrarkostnaðar á 12 mánuði sem og niðurstöðu annarra rekstrarsvæða. Við lestur hennar vöknðu nokkrar spurninga svo sem vegna kostnaðar við leigu húsnæðis á vestursvæði sem og við launalið. Framkvæmdarstjóri tók fram að hann muni skoða þær tölur í framhaldinu.

Launakostnaður þessa árs er áætlaður 47 milljónir. Orri Páll telur að út frá þeim ráðningum sem stefnt er að í sumar sé rúm til að ráða starfsmann í Skaftárstofu fram að áramótum og samsinnti Valbjörn því, með fyrirvara um kostnaðarauka vegna þeirra stofnanasamninga sem nú eru í gangi.

Ásta Berghildur spurði um fréttir af ríkisstjórnarfundi þar sem taka átti fyrir aukna fjármögnun í landvörslu næsta sumar. Þórður hefur ekkert frétt af þeim fundi.

Misræmi er í sundurliðun útgjalda fyrir 2016 og þeirri krónutölu sem rekstraráætlunin er byggð á, auk þess sem nokkrir útgjaldaliðir þarfnast frekari skýringar.

Rekstraráætlun vestursvæðis vegna ársins 2017 er samþykkt með þeim fyrirvara að raunkostnaður fyrir árið 2016 sé réttur þar sem áætlunin byggir á þeim tölum.

Valbjörn yfirgefur fundinn.

2. Tillaga að verklagi vegna ráðningar þjóðgarðsvarðar

Búið er auglýsa starf þjóðgarðsvarðar á vestursvæði og rennur umsóknarfrestur út mánudaginn 20. mars nk.

Samþykkt tillaga að verklagi við ráðningu þjóðgarðsvarðar þar sem aðkoma svæðisráðs og framkvæmdarstjóra er skýrð.

Þórður yfirgefur fundinn.

3. Breytingar á Stjórnunar- og verndaráætlun

Orrí Páll upplýsir um stöðu mála í endurskoðun á Stjórnunar- og verndaráætlun og er Kristján Sveinsson ritstjóri hennar.

Eftirfarandi athugasemdir frá svæðisráðinu verða sendar ritstjóra hennar vegna eftirfarandi undirkafla:

Undirkaflinn *9.1.5 Innan vestursvæðis* í kaflanum *9.1 Verndarsvæði* á bls. 83-85:

Fram kemur að á svæðinu norðan Kamba (milli Kamba og Skaftár) og Lakagígasvæðinu skuli einungis gengið á merktum gönguleiðum. Er það skilningur svæðisráðs að **merktar gönguleiðir** eigi ekki aðeins við um stíkaðar leiðir heldur einnig leiðir sem merktar eru í upphafi með skýrum hætti með korti af gönguleiðinni auk þess sem GPS hnit af leiðinni séu aðgengileg á heimasíðu Þjóðgarðsins, hjá landvörðum svæðisins og víðar. Svæðisráðið telur brýnt að allar upplýsingar, svo sem á skiltum, útgefnum kortum og annarri fræðslu, miði að því að gestir séu vel upplýstir um takmarkanir á umferð á þessu svæði.

Útgangspunktur svæðisráðs vegna Vonarskarðs er að svæðið njóti verndar sem óbyggðir (*Wilderness Area*) í verndarflokki Ib. Tillögur svæðisráðsins um breytingar á Stjórnunar- og verndaráætlun vegna Vonarskarðs byggja á umræðu svæðisráðsins þann [20. desember](#) sl. Unnið verði að því næstu sumur að afla gagna með gönguteljurum um fjölda þeirra ferðamanna sem ganga um svæðið og í framhaldinu verði umferð gangandi gesta stýrt með ítölu. Samhliða því verði horfið frá uppbyggingu gönguskála sunnan og norðan Vonarskarðs. Sunnan Vonarskarðs verði stefnt að lágmarkspjónustu fyrir næturgesti. Hafa þarf samráð við norðursvæði VJP um uppbyggingu norðan Vonarskarðs.

Undirkaflinn *Göngubrýr eða kláfar* í kaflanum *9.3.3 Gönguleiðir* á bls. 99-101:

Göngubrú yfir Skaftá sem tengir fyrirhugaða gestastofu Þjóðgarðsins við þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri verði sett inn í áætlunina.

Undirkaflinn *9.4.5 Innan vestursvæðis* í kaflanum *9.4 Þjónustusvæði* á bls. 124-129:

Svæðisráðið telur mikilvægt að stefnt verði að uppbyggingu gestastofu sem þjónar Sprengisandi og Fjallabaki svo sem við Hald eða Hrauneyjar í þeim tilgangi að ná til þeirra ferðamanna sem fara inn á hálendið eftir þessari fjölförnu leið.

4. Önnur mál

Orrí Páll upplýsir svæðisráð um að síðastliðin tvö ár hefur Vegagerðin veitt undanþágur til einstakra aðila til að aka inn á fjallvegi áður búið er að opna þá fyrir almennri umferð. Eftir samráðsfundi Vegagerðarinnar, UST og Vatnajökulþjóðgarðs eru verið að kynna fyrirbyggjandi hugmyndir fyrir ferðapjónustuaðilum.

Starfandi formaður svæðisráðs mun leggja fyrir stjórn Þjóðgarðsins minnisblað er varðar aukið framlag til landvörslu á árinu, samstarf við sveitarfélög um landvörslu á láglandi og önnur mál er snerta vestursvæði.

Fundi slitið klukkan 16:30